



Skóla- og frístundasvið Akraneskaupstaðar

Samantekt 2020-2021

Starfsáætlun 2021-2022



Hlutverk

Hlutverk skóla á Akranesi er að skapa skilyrði fyrir nemendur þannig að þeir nái að nýta hæfileika sína, efla sjálfstæði sitt og þroska með sér góð samskipti við samferðamenn.

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá þeirra og í henni er fjallað um árlega starfsemi, birt skóladagatal og aðrar hagnýtar upplýsingar koma fyrir. Foreldraráð veitir áætluninni umsögn áður en skóla- og frístundaráð taka hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Megintilgangur starfsáætlunar er að gera skólapróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Áætlunin er vinnuskjal og á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári. Henni er jafnframt ætlað að greina frá hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðum og áætlun sett fram um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Akraneskaupstaðar.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Skóladagatal
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun tekur gildi 1. september ár hvert og skilað rafrænt til sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs fyrir 1. ágúst ár hvert. Starfáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráð til samþykktar.



Efnisyfirlit

1. Stutt greinagerð leikskólastjóra um starfið á síðasta skólaári	3
2. Áherslur í starfi leikskólans	7
3. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	9
3.1 innra mat leikskólans	9
3.2 Ytra mat leikskólans	10
3.3 Matsáætlun/umbótaáætlun	10
4. Aðrar upplýsingar	13
4.1 Barnahópurinn 1. September 2021	13
4.2 Foreldrasamvinna.....	13
4.3 Samstarf leik- og grunnskóla	14
4.3.1 Brúum bilið	14
4.4 Samstarf leikskólastjóra	16
4.5 Samstarf sérkennslustjóra	16
4.6 Almennar upplýsingar.....	16
5. Starfsmannamál.....	21
5.1 Starfsmannahópurinn 1. sept. 2021	21
5.2 Skipurit Akrasels.....	21
5.3 Starfsþróunarsamtöl	21
5.4 Símenntun frá síðasta ári.....	22
5.5 Í upphafi starfsársins – á fyrsta skipulagsdegi í ágúst 2021.....	22
5.6 Áætlun um símenntun í leikskólanum	23

1. Stutt greinagerð leikskólastjóra um starfið á síðasta skólaári

Áherslur skólaársins 2020-2021

Áherslur skólaárs 2020-2021 voru jafnrétti og vinátta. Heimsmarkmiðin voru höfð að leiðarljósi.

Umsókn um Grænfána númer 6 er í vinnslu, úttekt og skýrslugerðir koma í kjölfarið.

UNESCO umsókn okkar er í ferli en vegna heimsfaraldurs hefur afgreiðsla ekki farið fram .

ERASMUS+ verkefnið Wonders of waste er grænfána verkefni sem er unnið í samstarfi við Ítalíu, Noreg, Grikkland, Búlagaríu, Pólland og Tyrkland. Það tók nokkrum breytingum þetta árið. Við förum fyrir verkefninu en vegna COVID var lítið um heimsóknir á milli landa. Til að viðhalda verkefninu settum við upp heimasíðuna wondersofwaste.is. Þar sem þátttakendur kynna verkefni sín. Á heimasíðunni erum við með sameiginlegt svæði til samtals og upplýsinga með tillit til þeirra vinnu sem hægt er að inna af hendi í hverju landi fyrir sig á þessum COVID tímum.

Samantekt verkefna síðasta starfsárs.

- Ný heimasíða leit dagsins ljós.
- Könnun var sett á FB vegna styttingar vinnuvikunnar – Sama könnun fyrir leikskóla Akraneskaupstaðar. Niðurstöður af könnuninni: Flestir vildu frí á milli jóla og nýárs.
- Svefn - Hvíld er hluti af lýðheilsu. Hægt er að lesa um mikilvægi svefns inn á vef landlæknisembættisins. Í Akraseli var hvíldin endurskoðuð eftir innra mat og fræðslu um lýðheilsumál.
- Leikskólanum var skipt í hólf vegna COVID Lindir, Hamrar og miðrymi. Móttaka og skil í lok dags var með óhefðbundnum hætti. Foreldrum var ekki leyft að ganga í gegnum leikskólann þegar komið var með systkini. Skilað var úti og tekið á móti í anddyri. Við vorum endalaust að mæta settum sóttvarnarreglum.
- Breytt snið var á foreldraviðtölum og buðum við foreldrum á TEAMS fundi eða símaviðtöl, gekk það mjög vel.
- Undirbúningstími leikskólakennara var aukinn – miklar umræður og breytt skipulag til að mæta þeim breytingum.
- Skipt var um kerfi úr Karellen í Völu. Foreldrakynningar og foreldrar hvattir til að sækja myndir af sínum börnum í Karellen.

🌿 Umsókn um Ytra mat var send til Menntamálastofnunar. Akrasel samþykkti að skóla- og frístundarsvið myndi sækja um Ytra mat á starfsemi leikskólans.

🌿 Hugmyndafundur var með deildastjórum vegna fyrirhugaðra breytinga á inntöku.

🌿 Deildastjórar tóku viðtöl við starfsmenn deilda – liður í aðgerðaráætlun innramats síðasta árs. Niðurstöðum skilað til stjórnenda.

🌿 Stjórnendur tóku starfsmannasamtöl þar sem áhersla var lögð á líðan og framtíðarplön. Jafnframt var farið yfir samning um styttingu vinnu vikunnar.

🌿 Jólaball var haldið utandyra í vetrarstillu. Þorri, Þura og jólasveinn komu í heimsókn.

🌿 Skipulagsdagur var 4. Janúar. Það var mikil gleði með að getað loksins fundað. Útileikir og útikennsla námskeið – Jörgen Nilsen UMFÍ. Einnig var vinna heima. Starfsfólk skráði sig í mismunandi hópa til að taka þátt í mótun og umræðu um ákveðin verkefni. T.d. Lubbi – læsisstefnan okkar – umhverfismennt, jóga og ævintýraferðir,

🌿 Lotunám var kynnt fyrir foreldrum og starfsfólki á Hömrum. Hugmyndin var að vinna með 2016 og 2015 árganginn í sitthvoru lagi eins og áður. Lubbi yngri / útikennsla eldri barna var viku í senn og svo er skipt. Þemavinnan var sjávardýr.

🌿 Hamrar stofnuðu undir stjórn Jóhönnu Ólafar deildastjóra hjálparveit sem fékk nafnið Lóunnar. Haldin var stofnfundur þar sem reglur og inntöku skilyrði voru kynnt. Allir sem eru í útskriftarárgangi eru gjaldgengir. Verið er að höfða til ábyrgðar á eigin hegðun og hjálpsemi. Mikill spenningur var yfir þessu verkefni og ánægja hjá börnunum.

🌿 Eyðublað var sent til foreldra þar sem þeir samþykkja upptökur fyrir útskriftar myndband vegna hýsingar á youtub.

🌿 Breytt snið var á aðlögun.

🌿 Samstarfsfundur var með Önnu Leif Þjóðminjasafns kennara en hún vildi fá umræðu um það hvað leikskólarnir vilja fá í fræðslu um gamla tímamann og hvernig ætti að haga því. Ólöf Inga, Rós, Ásta Huld og Kolla.

🌿 Öskudagur. Börnin á Hömrum gerðu búninga á sig úr bolum sem þau koma með að heiman. Þetta var skemmtileg hugmynd frá Heiðrúnu Ósk sem lukkaðist vel. Börnin á Lindum koma annað hvort í náttfötum eða búningum. Skessuhorn fjallaði um málið.

🌿 Skipulagsdagur fimmtudaginn 18.2

kl.8:00 – 8:30 – morgunmatur

kl. 8:30 - kynning á því sem unnið var í hópum á starfsdeginum í janúar – niðurstöður og umræður.

Deildarvinna undirbúningur fyrir foreldraviðtöl.

Kl.12:00 hádegismatur

Kynningu frá barnavernd Ingibjörg Gunnarsdóttir frá barnavernd Akraneskaupstaðar var með erindi – góðar umræður og hárbeitt erindi.

🌿 Kynning var á Barnasáttmálanum.

🌿 Til að mæta inntöku og fækka börnum á yngri deildum þá þarf að breyta Hömrum. Hamramegin yrðu 42 börn (2016) verða á Bergi, 24 börn (2017) verða á Gljúfri og 22 börn (2018 eldri) á Kletti. Hugmyndin er að á Lindum verða 18 börn á deild. Lækur (22 börn) fara yfir á Tjörn eða Mýri og ný börn koma inn á Læk og Tjörn/Mýri.

🌿 Breytingar fyrir veturinn 2021 – 2022. Berg (42 börn) munu þurfa meira pláss en bara deildina. Þau verða líka með skrifstofu Guðrúnar og helminginn af salnum Lindar megin. Guðrún fer á Hól með sína skrifstofu. Fataherbergi voru máluð og fatahólf færð yfir frá Lindum á Hamra. Starfsmanna fatahengi var sett í ræstiherbergi Hamra sem var einnig var málað sumar 2021. Ræstiherbergi Hamra og Linda voru sameinuð á Lindum – nýjar hillur og betra skipulag fyrir ræstingu – samkomulag var við ræstipjónustu.

🌿 Við fengum nokkra nema til okkar. Anna Bender var á Tjörn hjá Ólöfu Ingu. Sýlvía Hera Skúladóttir var á Gljúfri hjá Jóhönnu Ólöfu. Erla og Stefanía voru hjá Heiðu á Kletti og Heiða Lind var hjá Ástu Huld á Mýri.

🌿 Niðurstöður starfsmannasamtala – kynntar. Áberandi hvað líðan í COVID tíma hefur haft á starfsmenn. Ánægja var með utan umhald og skipulag í leikskólanum – veitti öryggisfinningu að fá að mæta alla dag til vinnu og taka þátt í handbókarvinnu og endurgerð á eldra efni leikskólans.

🌿 Skipulagsdagur 6.apríl frá kl.8 til 16 :

Rýmingaræfing undirstjórn Slökkviliðsins var frestað vegna breytinga á fjöldatakmörkunum.

Deildafundir – undirbúningur fyrir foreldraviðtöl.

Valgerður Janusdóttir sviðstjóri skóla og hefur óskað eftir að Akrasel sendi 11 starfsmenn og Anney í vinnu við Menntastefnu Akraness kl. 14.00 Því var frestað vegna breytinga á fjöldatakmörkunum.

Barnasáttmálin kynntur og vinna Hamrar með hann.

UNESCO skólar, við tikkum í öll box en eigum eftir að fá staðfestinguna. Allt tekur lengri tíma núna á þessum sérstökum tímum. Anney tók saman upplýsingar um skólann og sendi m.a. handbækurnar sem við gerðum og fengum við mikið lof fyrir það.

- Frumvarpi til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna frá félags- og barnamálaráðherra.

🌿 Við náðum vorskólum í Brekkubæ og Grundaskóla það var mikil gleði þar sem við höfðum fellt niður haustskólann vegna COVID.

- Elstu börnum Akrasels var boðið uppá sundkennslu – við keyptum þjónustuna af Sundfélagi Akraness.
- Föstudagur 18.júní Norðurálgangan - gulur dagur og við fórum og horfðum á og hvöttum liðin.
- Sumarhátíð fyrir sumarlokun var haldin með Þorra og Þuru og vinum þeirra. Grillaðar pylsur og karnival stemning í garðinum. Foreldrum var ekki boðið í ár vegna COVID.
- Gerð var tilraun með að geyma hjólin okkar inn á útiverutíma. Sú hugmyndin kom upp eftir mikil átök á milli barna um ákveðin hjól. Starfsmenn upplifa meiri ró úti og skemmtilegri leik á milli barna eftir að hjólin voru tekin úr umferð. Það eru skiptar skoðanir á meðal kennara um málið. Helst eru það ólíkar skoðanir um mismunandi vinnu með börnunum eftir aldri.
- Endurgerð brunaáðgerðaáætlunar sem send var til Sigurðar Þórs Elíssonar eftirlitsmanns brunavarna hjá Akraneskaupstað. Kynnt á öllum deildum í haust ásamt uppfærðum viðbragðsáætlunum.
- Endurgerð og endurbætur á viðbragðsáætlunum og brunaáætlun.
- Fjölgun barna á Hömrum fækkun á Lindum – breytingar til að mæta inntöku að hausti
- Hugmyndafundur var með deildastjórum vegna fyrirhugaðra breytinga á inntöku.
- Ævintýraferðir voru fastur liður.
- Bókaormur og Orðspor fest í sessi í kjölfar þróunarvinnu leikskólanna á Akranesi.
- Náttfatadagur – Bangsadagur, Hrekkjavaka, Vinavika, barátta gegn einelti. Jógavika
- Brúum bilið haustskóli, vorskóli, samverur og húllumhæ breytt snið á öllum þáttum vegna COVID.
- Bóndadagsmorgunverður og konudagsmorgunverður féll niður í ár vegna fjöldatakmakanna.
- Umhverfismennt, forsáning, kartöflurækt, laukar og ýmis skemmtileg sáningarverkefni. Ormarækt – með Orma í vinnu moltun/jarðgerð.
- Skýrsla vegna 6. Grænfána send inn til umsagnar Landverndar
- Útskriftaferð elstu barna að Kalastaðakoti dagsferð vegna COVID. Útskrift var með breyttu snið vegna COVID. Útskriftin var haldin í Tónlistaskólanum þar sem börnin sungu og sýnd voru tvö myndbönd þar sem börnin voru í aðalhlutverki.

2. Áherslur í starfi leikskólans

2.1 Áherslur leikskólans næsta starfsárs

Áherslur næsta skólaárs eru Umhverfismennt - Heimsmarkmið og Barnasáttmáli. Áframhaldandi vinna með útikennslu og ævintýraferðir. Við ætlum að leggja áherslu á vellíðan og gleði í vinnu með yngstu börnunum.

Skóladagatal Akrasels 2021-2022

Ágúst

5. ágúst	Leikskólinn opnar eftir sumarlokun flutningur barna á milli deilda.
8. ágúst	Akrasel á afmæli 13 ára.
9. ágúst	Aðlögun barna f. 2020 og 2019 hefst á Mýri og Læk.
20. ágúst	Skipulagsdagur LOKAÐ
23.-27. ágúst	Heimsókn í Klifurhúsið Berg

September

1. september	Vetrardagskrá byrjar
13.-17. sept.	Tannverndarvika, alþjóðlegi Tannverndardagurinn 12. Árgangur 2017 til Tannlæknis – með réttu einnig 2018 árgangur
13.-17. sept.	Ytra mat Menntamálastofnunar
16. september	Dagur náttúrunnar - unnið allt árið í Akraseli
20.-24. sept.	Kartöflur teknar upp.
26. sept.	Evrópski tungumáladagurinn – samstarfsverkefni WOW
28. sept	WOW vinna hefst

Október

4.-8. október	Haustskóli Grundaskóla - elsti árgangur.
16. október	Bleikur dagur
11.-15. október	Umferðavika - endurskin
12. október	Starfsmannafundur - Meðvirkni á vinnustað
18.-22. október	Undirbúningur fyrir foreldraviðtöl
25.-29. október	Foreldraviðtöl breytt snið, símaviðtöl, Teams, allar deildir
25.-29. október	Hrekkjavöku vinna á Hömrum – Búningavinna.
27. október	Bangsadagur Náttfata og bangsa ball Lindum (dagsetning gæti færst til)
29. október	Hrekkjavöku ball – Búningadagur Hömrum

Nóvember

1.-5. Nóvember	Foreldraviðtöl breytt snið, símaviðtöl, Teams, allar deildir
5. - 9. Nóvember	Vinavika barna þvert á deildir 9. Baráttudagur gegn einelti <ul style="list-style-type: none">• Klettur – Mýri• Berg – Tjörn• Gljúfur – Lækur
15. nóvember	Skipulagsdagur leikskólinn Lokaður
29. nóvember	Aðventustund Hamrar og Lindir
	Jólagjafa vinna á Bergi hefst
Í nóvember	WOW fundir með þáttökupjóðum

Desember

6. desember	Aðventustund Hamrar og Lindir
17. desember	Rauður dagur jólaball og sýning með Eysteini álfastráki og Huldu búálfi
13. desember	Aðventustund Hamrar og Lindir
20. desember	Aðventustund Hamrar og Lindir

Janúar 2021

3. janúar	Skipulagsdagur - LOKAÐ
14. janúar	Rafmagnslausdagur
21. janúar	Bóndadagsmorgunverður
janúar	Íslenskar hefðir Þorri – gamli tíminn

Febrúar

4. febrúar	Regnbogadagur - Dagur leikskólans 6. febrúar
9. febrúar	Skipulagsdagur LOKAÐ
11. febrúar	1 – 1 – 2 dagurinn
12. febrúar - 1. mars	Búningagerða fyrir öskudag á Bergi
18. febrúar	Konudagsmorgunverður
28. febrúar	Bolludagur

Mars

Í mars	Endurvakning WOW umhverfisverkefnið - minnkun sorps
1. mars	Sprengidagur
2. mars	Öskudagur
7.-11. mars	Jógavika þvert á deildir Klettur og Mýri / Berg og Tjörn / Gljúfur og Lækur
15. mars	Starfsmannafundur
21. mars	Downs Syndrome dagurinn – litríkir sokkar
21.-25. mars	Vorskóli Grundarskóla – elsti árgangurinn Berg
28. mars – 1. apríl	Vorskóli Brekkubæjarskóla
Í mars	Foreldraviðtöl allar deildir

Apríl

2. apríl	Dagur einhverfunar
4.-8 apríl	Foreldraviðtöl allar deildir
21. apríl	Sumardagurinn fyrsti -LOKAÐ
22. apríl	Skipulagsdagur - LOKAÐ
25.-29.apríl	Árgangamót – góðviðrisdagur valin.
Í apríl	WOW

Mái

2.-13. maí	Vorverkin – forsáðum plöntum komið í ræktunarkassa Kartöflur settar niður
9.-13. maí	Umferðavika
maí	Lambaferð á vegum foreldrafélagsins
20. maí	Útskriftarferð dagsferð að Kalastaðakoti
31. maí	Útskrift elstu barnanna.
Í maí	WOW
	Sumardagskrá hefst í júní.

3. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

3.1 innra mat leikskólans

Hverjir	Hvað	Hvernig	Hvenær	Hver ber ábyrgð/ Úrvinnsla
<i>Allir</i>	Áframhaldandi vinna með Hraðstefnumót sjá kafla 5.4 innra mat	Samtöl/hópavinna þematengt	ágúst 2021-maí 2022	Stjórnendur /deildastjórar.
<i>Sérkennsla</i>	Sérkennsla: hvernig er sérkennsla tímum varið Niðurstöður úr hljómm Innra mat	Samtöl / rýnisamtöl með sérkennslu teymi	okt./nóv. og feb./ mars.	Sérkennslustjóri
<i>Umhverfisnefnd/ deildarstarfsmenn</i>	Umhverfismennt-grænfáni	Gátlistar	ársfjórðungslega	Formaður umhverfisnefndar
<i>Börnin á Hömrum Árg. 2017 og 2016</i>	Umhverfismennt – grænfáni	Myndrænr gátlistar Rýnisamtöl	Ársfjórðungslega tengt árstíðum	Umhverfisnefnd
<i>Lindir</i>	Aðlögun og Líðan barna	Foreldraviðtöl sími/ TEAMS	okt./nóv.	Deildastjóri/ leikskólakennarar
<i>Hamrar</i>	Líðan barna	Foreldraviðtöl sími /TEAMS	okt./nóv.	Deildastjórar /leikskólakennarar
<i>Hamrar Lindir</i>	Staðan – (aðgerðará. v. Breytinga)	Fundur/ rýnisamtöl	okt. /nóv.	Stjórnendur
<i>Foreldrar</i>	Könnun vegna sumarlokunar	Survey	nóv. / des.	Leikskólastjóri
<i>Deildarstarfsmenn</i>	Liðann samtöl Deildastjóra við deildarstarfsmenn (aðgerðaráætlun)	Maður á mann samtál	desember	Deildastjórar.
<i>Foreldrar á Bergi</i>	Áhrif breytinga hjá elsta árgang	Samtöl/ Spurningar survey	nóv. /des.	Deildastjórar
<i>Börnin á bergi - elsti árgangur</i>	Sameining elsta árgangs	Myndrænt/ Samtöl /Survey	janúar	Deildastjórar/ stjórnendur.
<i>Eldhúss</i>	Endurskoðun matseðla	Rýnifundur	janúar	Matráður/ stjórnendur
<i>Allar deildir</i>	Endurmat á starfi* Árbækur * Innra símat	fundur / samtöl/ Matsblað Akrasels	janúar -maí	Deildastjórar/ leikskólakennarar.
<i>Allar deildir</i>	Foreldra-viðtöl Líðan og þroski	Foreldraviðtöl sími /TEAMS	mars/apríl	Deildarstjóri
<i>Foreldrar starfsmenn bæjarbúar</i>	Ánægju foreldra	Viðhorfs-könnun	vor 2023	Sviðsstjóri skóla- og frístundar Stjórnendur

*jóna-umhverfismennt-gæðum kosts o.m.fl.

*Árbækur - Samantekt yfir skólaárið í máli og myndum í bók hvernar deildar - tekið saman jafnt yfir allt árið.

3.2 Ytra mat leikskólans

Ytra mat Menntamálastofnunar fer fram í Akraseli vikuna 13.-17. September. Aðgengi að gögnum og upplýsingum hafa verið sendar til matsaðila. Kynning var send til foreldra og starfsmanna. Rýnihópar voru settir fram og leyfis óskað frá foreldrum um þátttöku barna í þeirri vinnu. Bréf var sent til foreldraúrtaksins fyrir viðtöl við foreldra og beiðni til allra foreldra til að gefa kost á setu í foreldraráði og foreldrafélagi.

Könnun á meðal íbúa bæjarins – þjónustukönnun í umsjón Akraneskaupstaðar.

3.3 Matsáætlun/umbótaáætlun

Umbætur eiga sér stað eftir samtöl, bæði við foreldra einnig eftir starfsmannasamtöl. Leitast er við að setja niður umbætur í kjölfar samtala, hugmyndir og úrbætur koma oftast í samvinnu við samstarfsfólk, aðkoma stjórnenda og yfirmanna eru tengdar eftir þörfum. Aðgerðaáætlanir eru unnar jafnt og þétt af hlutaðeigandi. Breytingar sem gerðar voru í kjölfar þróunarvinnu eru í stöðugri endurskoðun með þeim sem vinna verkið, þannig grípum við inn í jafnóðum og höldum starfsgleðinni lifandi. Hver og einn skiptir máli.

*sjá fylgiskjöl : niðurstöður úr starfsmannasamtali



Útskriftahópur vor 2021 árgangur 2015.



Fyrir utan hefðbundið mat (aðgerðaráætlun eftir mat síðasta árs)

Deildastjórar tóku líðan viðtöl við starfsmenn sinna deilda – ákvörðun um þau viðtöl voru tekin eftir erfiðleika sem upp komu árið áður þegar innleiðing flæðis átti sér stað á Hömrum. Í endurmati 2019-2020 var niðurstaðan sú að deildastjórar þyrftu að eiga samtalið við starfsmenn til þess að koma í veg fyrir misskilning og óánægju.

Markmiðið var að:

- Styrkja samstarf á deildum.
- Gefa öllum tæki færi til að koma með sína skoðun
- Geta tekið samtalið um starfið án hópsins – maður á mann
- Auka vægi stjórnunarhluta deildastjórastarfsins.

Niðurstöður þessara samtala má sjá í fylgiskjöllum.

4. Aðrar upplýsingar

4.1 Barnahópurinn 1. September 2021

- Fjöldi barna í leikskólanum – 150
- Kynjahlutfall – 78 drengur 72 Stúlkur
- Dvalarstundir –
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu - 10
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku - 8
- Fjöldi tungumála – 5

Seldir tímar og aldursdreifing barnahópsins

		Barngr.		Dvalargildi:
Allur dagurinn	Samt.	stuðull árgangs	Dvalarst, allan daginn	(Barngildisstuðull árg. x dvalarst.)
Elsti árgangur	42	0,8	347	277,6
Annar árgangur	26	1	216	216
Þriðji árgangur	35	1,3	290,5	377,65
Fjórði árgangur	35	1,6	289	462,4
Fimmti árgangur	12	2	99	198
Sjötti árgangur	0	2	0	0
Samtals	150	0	1241,5	1531,65

4.2 Foreldrasamvinna

Góð samvinna foreldra og leikskóla er forsenda fyrir árangursríkri dvöl og góðri líðan barnsins í leikskólanum. Samvinna foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu og opnum samskiptum. Daglegar upplýsingar um barnið heima og í leikskólanum eru nauðsynlegar því að oft geta lítil atvik í lífi barnsins, valdið breytingum á hegðun þess. Hver deild er í reglulegum samskiptum við foreldra í gegnum netpóst og heimasíðu leikskólans. Einnig höfum við nýtt FB til þess að koma upplýsingum hratt til foreldra. Í venjulegu árferði eru foreldrar velkomnir í leikskólann til þess að taka þátt í því starfi sem þar fer fram, í samráði við starfsfólk. Þeir eru sérstaklega boðnir í foreldrakaffi, í einkasamtöl, á foreldrafundi o.fl.

Foreldraráð

Við leikskóla skal kjósa ár hvert í foreldraráð (skv.11. gr. laga um leikskóla nr. 90) að lágmarki þrjú foreldra. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskólans og nefnda/fjölskylduráðs (sbr. 2. gr. 4. gr laga um leikskóla) um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Ráðið fylgist einnig með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi. Ráðið setur sér starfsreglur og starfar leikskólastjóri með ráðinu. Foreldrar hafa verið beðnir um að gefa kost á sér í foreldraráði þar sem við höfum ekki boðið uppá sameiginlegan fund að hausti. Þeir sem hafa gefið kost á setu í foreldraráði veturinn 2021 eru Jónas Kári Eiríksson, Vera Knútsdóttir og Sigrún Ágústa Helgudóttir.

Foreldrafélag

Foreldrar í Akraseli ákváðu að við leikskólann starfi foreldrafélag. Í foreldrafélagi leikskólans eru allir foreldrar barnanna í leikskólanum. Markmið félagsins er að efla tengsl foreldra og starfsfólks, auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans og tryggja velferð barnanna. Foreldrafélagið innheimtir Krakkasjóð til að fjármagna skemmtanir og viðburði á vegum félagsins. Í vetur verður gjaldið í Krakkasjóð **3000 kr. á heimili**.

Fráfarandi fulltrúar eru: Eva Laufey Hermannsdóttir, Sóley Guðmundsdóttir, Ósk Hjartardóttir og Hulda Björg Þórðardóttir.

Nýir fulltrúar eru: Brynja Vattar, Laufey Vattar, Sóley Guðmundsdóttir, Sunna Guðmundsdóttir, Valdís Ósk Pétursdóttir og Herdís Hallgrímsdóttir.

4.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að reynsla og nám barna á fyrri skólastigum nýtist þeim á næsta skólastigi. Ef flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla á að vera farsæll þarf að undirbúa hann vel fyrir og eftir leikskólanáms.

4.3.1 Brúum bilið

Frá árinu 1996 hefur verið formlegt samstarf milli leikskóla og grunnskóla á Akranesi með það að markmiðið að:

- Að tengja skólastigin saman
- Að skapa samfellu í námi og kennslu barna/nemenda á þessum tveimur skólastigum
- Að byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara á hvoru skólastigi fyrir sig

- Að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla
- Að skapa farveg fyrir miðlun upplýsinga á milli skólastiga

Reynsla samstarfsaðila hefur sýnt að samvinna og tengsl skólastiga veitir börnum mikið öryggi á þeim tímamótum þegar þau fara úr leikskóla í grunnskóla.

Persónuupplýsingar sem liggja fyrir um hvert barn í leikskóla og nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun barnsins í grunnskólanum skulu fylgja barninu í grunnskólann samkvæmt 16. gr. laga um leikskóla nr. 90/2009. Slíkar upplýsingar eru settar fram á skilafundi með fulltrúum leikskóla og grunnskóla að vori áður en barnið hefur skólagöngu. Jafnframt er foreldrum skylt að veita upplýsingar um barnið sitt sem nauðsynlegar eru fyrir skólastarfið og velferð þess. Meðferð slíkra mála er í samræmi við persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Haustskóli og vorskóli er heimsóknform sem er að festast í sessi og hefur verið til mikilla bóta í samstarfinu, börn fá lengri samfellda viðveru í grunnskólanum.

Einnig erum við þátttakendur í heildtækri forystu stjórnenda grunn- og leikskóla.

Stjórnendur grunn- og leikskóla hittast reglulega til að ræða skólamál, miðla upplýsingum og veita hver öðrum stuðning. Fundir eru boðaðir og stýrt af sviðstjóra skóla- og frístundasviðs.

Árgangamót - Leikskólarnir á Akranesi hafa hist með árgangana að vori, þá hittist einn árgangur í hverjum leikskóla bæjarins. Þessi dagur hefur gefist vel og er í stöðugri þróun hjá leikskólunum. Samvinnan felst í skipulagningu, notalegri samveru og góðum kynnum barnanna skóla á milli.

Akrasel hefur sent inn umsókn um að gerast UNESCO leikskóli sá fyrsti á landinu. Við bíðum eftir svörum við umsókn okkar. Vegna COVID hefur verið töf á afgreiðslu umsóknar okkar en við höfum fengið skilaboð um að hún sé í ferli.

UNESCO-skólar hafa verið til frá árinu 1953. Markmið UNESCO-skóla er að auka og hvetja til menntunar um mál er tengjast markmiði UNESCO; að stuðla að friði og öryggi með því að efla samvinnu þjóða í mennta-, vísinda- og menningarmálum og efla þannig almenna tiltrú og virðingu fyrir réttlæti, lögum og mannréttindum, án tillits til trúarbragða, kynþáttar, kynferðis eða tungumála. UNESCO-skólar framkvæma eigin verkefni sem tengjast markmiðum UNESCO og eru oft í samvinnu við UNESCO-skóla í öðrum löndum.

UNESCO-skólar eru nú um það bil 10.000 og starfa í 181 landi.

Á Íslandi hefur Félag Sameinuðu þjóðanna séð um innleiðingu UNESCO-skóla síðan 2014 í samstarfi við UNESCO-nefndina á Íslandi.

4.4 Samstarf leikskólastjóra

Leikskólastjóri á í samstarfi við aðra forstöðumenn Akraneskaupstaðar, situr reglulega fundi undir stjórn sviðstjóra skóla-og frístundar með öðrum leikskólastjórnendum og eftir atvikum grunnskólastjórnendum.

Einnig er samstarf við HVE, Háskóla Íslands, FVA og Fjöliðju.

4.5 Samstarf sérkennslustjóra

Sérkennslustjórar funda mánaðarlega, oftast þegar þróunarvinna skólana um læsi bar sem hæðst. Sérkennslustjóri leikskólans hefur umsjón með málefnum einstakra barna.

Sérfræðipjónusta tekur annars vegar til stuðnings við nemendur og foreldra þeirra og hins vegar stuðnings við starfsemi skóla og starfsfólk þess. Samstarfsaðilar sérkennslustjóra eru; Talmeinafræðingar, Sálstofan – sálfræðingur, Barnateymi Akraness, sjúkráþjálfar, GRR - Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, HTÍ - Heyrnar- og talmeinafræðingur Íslands og HVE.

Tilvísanir til sérfræðipjónustu eru í samvinnu við leikskóla en einnig geta foreldrar óskað eftir athugun, greiningu og ráðgjöf fyrir börn sín.

Leikskólastjóri samræmir störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna er lúta að sérfræðipjónustunni skv. 21. gr. laga um leikskóla.

4.6 Almennar upplýsingar

Leikskólinn Akrasel

Ketilsflöt 2

300 Akranes

Sími: 433 1260 433 1261

Skólastjóri: Anney Ágústsdóttir

Netfang: anney.agustsdottir@akrasel.is akrasel@akrasel.is

<https://www.facebook.com/profile.php?id=100008226213574&fref=ts>

Aðstoðarskólastjóri / sérkennslustjóri: Guðrún Bragadóttir Sími: 433 1262

Netfang: gudrun.bragadottir@akrasel.is

Heimasíða: <http://www.akrasel.is>

Símanúmer deilda: Lækur 433 1266 / Tjörn 433 1267 / Mýri 433 1268

Berg 433 1271 / Gljúfur 433 1272 / Klettur 433 1273

Eldhús: 433 1263

Opnunartími

Leikskólinn er opinn frá kl. 7.30 -16.30 alla virka daga. Tekið er á móti börnunum í forstofu en foreldrum er ekki boðið inn í leikskólann. Í lok dags er skilað á sama hátt. Foreldrar gera vart við sig í dyrasíma sem komið var fyrir sl. Vetur. Foreldri hringir bjöllu á deild barnsins síns og barninu er fylgt fram í fataherbergi. Þegar veður leyfir er skilað úti.

Við upphaf leikskóladvalar óska foreldrar eftir vistunartíma. Starfsmannafjöldi er ákvarðaður út frá seldum tímum því er **mikilvægt að foreldrar virði keyptan tíma**. Foreldrar geta gert ósk um breyttan dvalartíma fyrir barn sitt á vala.is.

Sjá nánar á heimasíðu Akraneskaupstaðar – verklagsreglur fyrir leikskóla.

Skólahúsnæði og aðstaða í leikskólanum

Leikskólastjóri, að höfðu samráði við sveitarstjórn eða nefnd sveitarfélags sem fer með málefni leikskóla í sveitarfélaginu, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og starfsfólk leikskóla, tekur ákvörðun um fjölda barna í leikskóla hverju sinni. Við ákvörðun fjölda barna í leikskóla skal m.a. tekið tillit til aldursdreifingar barna og sérþarfa, lengdar dvalartíma þeirra, stærðar leik- og kennslurýmis og samsetningar starfsmannahóps.

Leikskólinn Akrasel tók til starfa 8. 8. 2008 og átti því 13 ára afmæli í sumar. Leikskólinn er 6 deilda og rúmar 150 börn samtímis. Veturinn 2021-2022 eru 150 börn í leikskólanum.

Heiti deildanna eru tekin úr náttúrunni með vísun í nafnið okkar Akrasel. Nafnið er þjált, gamalt og gott. Í Víðigerði stóð leikskóli sem bar þetta nafn en honum var lokað þegar Teigasel tók til starfa árið 1998. Nafnið er vel við hæfi þar sem það vísar í Akrafjallið okkar og akurinn. Segja má að við séum með óþlæggðan akur, þar sem börnin dvelja hjá okkur á sínum fyrstu mótunarárum.

Húsnæði leikskólans er til fyrirmyndar hvað aðbúnað og pláss varðar, hver deild er 70 fermetrar að stærð, rými hvernar deildar eru tvö. Salurinn er sameiginlegt rými sem deildarnar skiptast á að nýta. Leikrými fyrir hvert barn eru 3,1m²

Sérkennsluaðstaða leikskólans er góð. Í sitthvorum enda hússins eru herbergi sem nýtast í einstaklings- og hópavinnu.

Áhersluatriði skólans

Markmið Akrasels eru að barnið:

- tileinki sér þá hæfni að takast á við sjálfan sig og lífið í samskiptum við aðra
- læri að takast á við kröfur og áskoranir daglegs lífs
- beri virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu
- öðlist hæfni í að tjá sig og afla sér þekkingar

Leikurinn sem náms og þroskaleið

Við leggjum áherslu á leikinn í allri sinni mynd og setjum hann í öndvegi, í leiknum felst námið. Hann er kennsluáðferð kennarans um leið og hann er námsleið barnsins. Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins í leikskólanum. Frjáls og sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barnsins. Reynsla barnsins tekur oftast á sig form leiksins og í gegnum leikinn vinna börn úr margvíslegri reynslu sinni, máta sig í ýmis hlutverk og mynda félagsleg tengsl. Í frjálsum leik eru mikilvægir uppeldiskostir sem geta eflt alhliða þroska barnanna, þ.e. líkams-, tilfinninga-, félags-, vitsmuna-, siðgæðis og fagurþroska. Leikurinn er líf barnsins og starf. Segja má að í bernsku sé það að leika sér sama og að læra og afla sér þekkingar. Fjölpætt reynsla elur af sér þekkingu, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og nýja færni.

Í vetur verður aukin áhersla á flæði eða FLOW þar sem leitast er við að skapa börnum tækifæri til að gleyma sér í leik. Þessi aðferð krefst þess af kennurum að þeir leitist við að bjóða uppá efnivið og leikaðstæður sem veita börnum hugmyndaflug til sköpunar í leik. Eini afraksturinn sem við viljum sjá er gleði, sjálfsprottin leikþörf og ánægja barnsins.

Stefnur leikskólans – Umhverfismennt og Jóga

Umhverfismennt

Markmið leikskólans eru að börn og starfsfólk fái notið náttúrunnar og upplifi af eigin raun og læra að njóta hennar sér til gleði og aukins þroska. Umhverfismenntun samtvinnast við endurvinnslu og umhyggju fyrir umhverfi okkar sem felst m.a. í flokkun og endurnýtingu.

Markmið leikskólans Akrasels með umhverfismennt er :

- Að njóta náttúrunnar í leik og námi
- Að ganga um náttúru okkar af virðingu
- Að flokka úrgang og pappír (endurnýta)
- Að endurnýta ýmsan efnivið í leik og skapandi starfi
- Að nota umhverfisvænar hreinlætisvörur
- Að safna lífrænum úrgangi (molta)
- Að rækta grænmeti og plöntur í garðinum
- Að spara raforku, vatn og sápu eins og kostur er

Umsjón umhverfismenntar er alfarið í höndum starfsfólks leikskólans en við höfum greiðan aðgang að starfsfólki Landverndar. Í leikskólanum er öflug umhverfisnefnd, Stefanía Sól deildastjóri á Kletti er formaður nefndarinnar og virkur upplýsingafulltrúi hennar. Allir starfsmenn bera ábyrgð á umhverfismenntinni. Þann 8.ágúst 2011 fengum við Grænfánann afhentan í fyrsta sinn. Á 5 ára afmæli leikskólans 8.8. 2013 tókum við við grænfánanum í annað sinn. Í tilefni af 7 ára afmæli leikskólans þann 8.8.2015 fengum við grænfánann afhentan í þriðja sinn. Fjórða umsókn og skýrsla var send á vormánuðum 2017. Fjórði fáninn og skjöldur settur á húsið 15. Desember 2018. Fimmta í desember 2019 og vonandi þann 6. í lok árs 2021.

Einnig erum við virkir þátttakendur í Bláfána verkefni Akraneskaupstaðar. Í samstarfi við umhverfissvið Akraneskaupstaðar.

Jóga

Með ástundun jóga þjálfum við okkur í að tengja saman hug og líkama og vinna að því að skapa meira jafnvægi og ábyrgð í lífi okkar. Jóga er kerfi sem sameinar margar æfingar eða stöður sem hjálpa líkama og hug að vinna saman að því að byggja upp styrk, sveigjanleika, jafnvægi og einbeitingu.

Starfsfólk leikskólans hefur sótt námskeið á vegum leikskólans auk þess sem margir hafa sótt jóganámskeið hjá Guðjóni Bergmann. Starfsmenn deilda hafa haft veg og vanda að jógakennslu á sinni deild.

Jóga er alhliða lífsspeki sem stuðlar að samtengingu líkama og hugar. Jógaástundun með börnum miðar að því að þau viðhaldi meðfæddum liðleika, byggi upp styrk og auki sveigjanleika, jafnvægi og einbeitingu, auk þess að stuðla að spennulosun og innri ró.

Þegar börn fara í jógastöður þurfa þau að staldra við, beita líkama sinn aga og um leið að stjórna hugsun sinni og einbeitingu.

Þegar unnið er með jóga í leikskólastarfi er eins og endranær lögð áhersla á að börnin hafi af því gleði og eru æfingar fléttaðar inn í leiki og sögur eða þeim búin umgjörð sem börnunum þykir áhugaverð og skírskota til áhuga þeirra.

Vinavika er litið þróunar samstarf deilda á milli sem er að festa sig í sessi í leikskólanum en þá á hver deild á Lindum vinadeild á Hömrum. Vinavikan er fyrirhuguð í nóvember.

Upplýsingar um aðlögun og flutning milli deilda

Við bjóðum upp á aðlögun þegar losna pláss í leikskólanum og því má segja að við séum nánast alltaf að aðlaga, því börn fara og koma í bæinn. Við höfum boðið upp á aðlögun í júní ef það er pláss í skólanum, annars hefst aðlögun eftir sumarlokun. Frá árinu 2011 höfum við boðið upp á svokallaða þátttökuaðlögun. Í þeirri aðlögun eru allt að 15 börn aðlöguð í einu á sömu deildina. Einungis er gert ráð fyrir þremur dögum í aðlögunina.

Þátttökuaðlögun byggir m.a. á þeirri trú að foreldrar yfirfæri eigin öryggiskennd og forvitni í þessum nýju aðstæðum yfir á börnin sín og taka því þátt í daglegu starfi með barni sínu á meðan á aðlögun stendur. Með því að foreldrar séu þátttakendur frá fyrsta degi kynnast þeir dagsskipulagi deildarinnar og því námi sem þar fer fram. Þeir kynnast kennurum, öðrum börnum og foreldrum. Hugmyndafræðin á bak við þetta nýja ferli aðlögunar er

Öruggir foreldrar = örugg börn.

Í kjölfar af COVID vinnu innan leikskólans varð breyting á aðlögun sem við teljum að hafa verið til góða og sé komin til með að vera til frambúðar.

starfsmenn og börn. *Sjá fylgiskjöl*

Í upphafi skólagöngu nýs árgangs er kynningafundur að vori þar sem starfsemin, stefnur og starfshættir leikskólans ásamt húsakynnum er kynnt fyrir foreldrum. Einnig er tekið við óskum foreldra um tímasetningu á aðlöguninni.

Foreldrar fá senda foreldrahandbók í tölvupósti með upplýsingum um leikskólann einnig er hún aðgengileg á heimasíðu leikskólans


<https://www.akrasel.is/is/upplýsingar/foreldrahandbok/handbok-fyrir-foreldra>

5. Starfsmannamál

5.1 Starfsmannahópurinn 1. sept. 2021

STARFSHEITI	FJÖLDI	STARFSHLUTFALL	MENNTUN
Leikskólakennarar	19	14,8	
Annað háskólapróf	8	6	
Starfsmenn í námi	6	3,5	
Leiðbeinendur	12	8,9	
Matráður	1	1	
Aðstoðarfólk í eldhúsi	2	1,75	

5.2 Skipurit Akrasels



5.3 Starfsþróunarsamtöl

- 🌱 Í starfsmannasamtölum sem stjórnendur taka í upphafi hvers árs er ýmist farið yfir líðan og/eða starfspróun. Á fyrstu árum leikskólans var mikil áhersla lögð á starfsþróunarsamtöl. Í kjölfar COVID og breytinga á löggildingu leyfisbréfa þá hafa viðtölin tekið breytingum vegna þeirra möguleika sem kennarar hafa. Starfsþróunarsamtöl hafa leitt af sér að fleiri hafa farið í nám, breytingu á innra starfi og festu á þeim verkefnum sem unnin hafa verið.
- 🌱 COVID hefur sett okkur af leið – við horfum á annan hátt á starfið, starfsumhverfið og mikilvægi leikskólastigsins. Það hefur komið fram í þeim samtölum sem við höfum átt.

5.4 Símenntun frá síðasta ári

- Ingibjörg Gunnars var með erindi um barnavernd og mikilvægi tilkynningarskyld.
- Kynning Veru Knúts á Heimsmarkmiðum Sameinuðupjóðanna.
- Jörgen Nilson UMFÍ útileikir og útikennsla
- Vegna COVID var minna en fyrri ár um námskeið og fyrirlesta.
- Leikskólinn hefur eftir fremsta megni reynt að koma til móts við starfsfólk sem vill sækja endurmenntun. Öll menntun er góð bæði fyrir viðkomandi starfsmann og umhverfi hans þ.m.t. leikskólann. Einnig hafa starfsmenn sótt námskeið og stundað nám með vinnu.

5.5 Í upphafi starfsársins – á fyrsta skipulagsdegi í ágúst 2021

Á skipulagsdegi settum við upp hraðstefnumót, þá voru tveir og tveir starfsmenn (nýr og reyndur) sem töluðu saman í þrjár mínútur um hverja spurningu sem er hér að neðan og skráðu hjá sér svörin.

Þemað er - Hvernig starfsmaður er ég / samstarfsmaður ?

1. Hvert er mitt hlutverk í Akraseli ?
2. Hvað get ég lagt fram til þess að gera Akrasel að góðum vinnustað ?
3. Hvernig vil ég að börn muni eftir mér, leikskólagöngu sinni ?

Eftir hraðstefnumótin var starfsfólkinu skipt niður í fjóra hópa og unnið úr punktunum.

Við óskuðum eftir að niðurstaðan gæti orðið leiðarljós okkar vinnu í vetur.

Niðurstöður úr hópum.

- ✓ Börn fái tækifæri til að þroskast á þeirra forsendum, sýna umhyggju, vera fyrirmynd.
 - ✓ Jákvæðni, umburðarlyndi, samvirkusemi, stundvísi, virðing fyrir börnum og samstarfsfólki, sveigjanleiki.
 - ✓ Hljúju, gleði, öryggi, jákvætt aðhald.
-
- ❖ Vera til staðar og vera fyrirmynd
 - ❖ Tölum við hvert annað ekki um hvert annað.
 - ❖ Sýnum jákvæðni og sveigjanleika
 - ❖ Við viljum að börnin taki jákvæða upplifun úr leikskólanum með sér út í lífið sem sjálfstæðir og glaðir einstaklingar.

Niðurstöður framhald.:

- Þátttaka - hjálpssemi - mannauður - samstilling - agi - ástúðarfesti - gefa af sér - gefa sig að öðrum - geta tekið gagnrýni og leiðsögn - heiðarleiki - stundvísi - tala við, ekki um – Viltu aðstoð - má ég aðstoða ?

<i>Virðing</i>	<i>Jafnræði</i>	<i>Jákvæðni</i>	<i>Traust</i>	<i>Agi</i>
<i>Helgun</i>	<i>Staðfesta</i>	<i>Ánægja</i>	<i>Sveigjanleiki</i>	

Það var ánægjulegt að sjá hversu mikill samhljómur er í starfsmannahópnum.

Sjá nánar í fylgiskjöllum.

5.6 Áætlun um símenntun í leikskólanum

Endur- og símenntun er samofin þörfum starfseminnar og tekur mið af þeim áherslum sem unnið er með hverju sinni.

- Námskeið Barnaheilla.
- Skyndihjálp upprifjun
- Skjalavarsla
- Sameiginlegt erindi með öllum leikskólanum – efni kynnt síðar.
- Kynning UNESCO skólar
- Kynning á grænfána verkefni og umhverfismennt.
- Nýtt upphaf WOW
- Fyrirhugðuð starfsmannaferð til Tallin í ágúst 2022 útinám
- Brunavarnir fyrirlestur

Að lokum

Upphaf starfsársins einkennist af miklum starfsmannabreytingum sem eru í senn spennandi og krefjandi.

Í upphafi starfseminnar í Akraseli árið 2008 var tekin meðvituð ákvörðun um að láta örar starfsmannabreytingar ekki verða íþyngjandi, líta á nýtt starfsfólk sem uppsprettu nýrra áskoranna og ferskleika. Við höfum valið að líta á það sem styrk þegar nýtt starfsfólk kemur til liðs við okkur.

Sá kjarni sem fyrir er hefur fengið það hlutverk að kenna og leiðbeina nýjum starfsmönnum gildi okkar, **gleði, jákvæðni og hjálpsemi**. Þessi gildi voru sett fram í upphafi og hafa haldið velli æ síðan.

Foreldraráð Akrasels fékk áætlun þessa senda í tölvupósti til yfirlestrar og á fundi sem haldin var í Akraseli 13.9.2021 gerðu þau ekki athugasemd við starfsáætlunina.

Akranes, 30.09. 2021

Anney Ágústsdóttir,
Leikskólastjóri